

Nd.

### 153 Nefndarátt

um frumvarp til laga um erfðafjáskatt

Vér leggjum til, að gerðar verði allverulegar breitingar við frv. þetta, einkum að því er snertir stighækkun erfðafjárskattsins. Ætlumst vér til að hann af 1. flokks erfðum geti hækkað frá 1% og alt upp í 5%, af 2. flokks-erfðum frá 5% og upp í 25% og af 3. flokkserfðum frá 10% upp í 50%. Mun við framsögu málsins verða gerð nánari grein fyrir því, hvað fyrir oss hefir vakað, er vér förum fram á þessa breytingar. — Þá mun og verða gerð grein fyrir þeirri ekki óverulegu breytingu, sem vér leggjum til, að gerð verði við 3. gr. frv., þess efnis, að ekki skuli greiða erfðafjárskatt af fé því, sem eftirlifandi maður eða kona fær leyfi til að fara með í óskiftu búi. En með nýrri

5. gr. er aftur svo um búið, að landssjóður fái skattinn greiddan, er búið kemur til skifta að lokum.

Aðrar breytingartill. eru fremur óverulegar.

Neðri deild 9. marz 1911.

Ólafur Briem,  
form og framsm.

Jón Sigurðsson.

Jón Jónsson þm S.-M.  
skrilari.

H. Hafstein.

Benedikt Sveinsson.

Magnús Blöndahl.

Sigurður Gunnarsson.

## BREYTINGARTILLÖGUR

yið frumvarp til laga um erfðafjárskatt

1. Við 2. gr. A. Í stað 1.—5. tölulið. komi:
  1. Af fyrstu 1000 kr. .... 1 af hundraði.
  2. — næsta 1000 — .....  $1\frac{1}{10}$  — —  
og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um  $\frac{1}{10}$  af hundraði á hverju þúsundi, sem arfurinn hækkar um, alt að 5 af hundraði.
2. — 2. — B. Í stað 1.—5. tölul. komi:
  1. Af fyrstu 1000 kr. .... 5 af hundraði.
  2. — næstu 1000 — ... .....  $5\frac{1}{2}$  — —  
og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um  $\frac{1}{2}$  af hundraði á hverju þúsundi alt að 25 af hundraði.
3. — 2. — C. Í stað 1.—5. tölul. komi:
  1. Af fyrstu 1000 kr. .... 10 af hundraði.
  2. — næstu 1000 — .....—... 11 — —  
og svo áfram þannig, að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverju þúsundi, alt að 50 af hundraði.
4. — 2. — D. Í stað »12» komi: 10 (af hundraði).
5. — 3. — Þriðji liður »Nú situr það hjóna..... við síðari skiftin» falli burt.
6. A eftir 4. gr. komi ný grein svolátandi:

5. gr.

Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiftu húi, skal eigi greiða erfðafjárskatt af fé því, sem óskift er, en upphæð húsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

Ef það hjóna, er situr í óskiftu húi, borgar erfingjum hins látna, eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn

hluta hans, áður en til skifta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skifta, og greiðist skatturinn af erfðafé þeirra erfingja, er þá taka arf, í réttu hlutfalli, eftir skyldleika þeirra við arfleiddanda.

Hafi það hjóna, er situr í óskiftu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarað hafði upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

7. Við 5. gr. Í stað »6« komi: 5 (af hundraði).
8. Við 7. gr. Fyrir: »arfleiddandi« í þriðja lið komi: arfleifandi.
9. Við 7. gr. Í stað orðanna »af óskiftu búi« komi: samkvæmt því, er segir í 5. gr.
10. Við 9. gr. Í stað orðanna »um greiðslu skattsins« komi: í 8. gr.
12. Við 11. gr. Fyrir: »sakamál« komi: lögreglumál, nema mál sé svo vaxið, að ákvæði hinna almennu hegningarlaga nái til þess.